

197

23. des.

4. gr.

Hafi gjald, samkvæmt gjaldskrá þessari, ekki verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald við endurofnun veitunnar, 2 krónur.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Eskifjarðar, frá 19. júní 1936.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

198

24. des.

REGLUGERÐ

um tryggingu sjómanna fyrir slysum af völdum ófriðar.

1. gr.

Tryggja skal alla þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8 gr., 1. mgr., tölulið 1 a., laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar, og nær trygging þessi til allra íslenzkra skipa 12 rúmlestir eða stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

199

28. des.

REGLUR

um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenzkum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi, og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.

4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar, er varða **199** beinlínis fiskveiðarnar. Er stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um **28. des.** veður gegnum talstöðvar skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð.
- Ef skip verður vart við tundurdufl utan hinna auglýstu bannsvæða og veit um nálæg skip, er þó heimilt að aðvara þau gegnum talstöð skipsins með orðunum: „Fiskveiðar eru hættulegar“ á hinu tiltekna svæði, en bannað er að ræða þetta efni frekar við skipin. Hins vegar skal skipið tafarlaust tilkynna einhverri af strandarstöðvum landssímans um tundurduflið gegnum talstöð sína og geta þess, hvenær og hvar duflið sást, með svo nákvæmri staðarákvörðun, sem tók eru á, og lýsa duflinu, svo sem stærð þess og lit, hornafjölda, taka fram, hvort það hafi verið á reki eða marað í kafi o. s. frv.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnefni í loftskeytum og talskeytum eru bönnuð.
7. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju skeyti.
8. Öll innbyrðis loftskeytaviðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annarra stöðva, skal fara fram á 800 metra öldulengd, en talskeytaviðskipti á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 600 metra öldulengd og 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandstöðvar ákveður strandarstöðin, hvaða öldulengd skipið skuli nota í hverju einstöku tilfelli. Loftskeytaviðskipti koma þó aðeins til greina hjá þeim skipum, er fengið hafa undanþágu frá því að loftskeytasendirinn sé undir lokunarinnsigli, shr. 1. gr. reglugerðar frá 28. des. 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum.
9. Í hvert skipti, sem skipatalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í og umdæmisbókstafi og tölu.
10. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Enn fremur getur sá, er brotlegur hefir reynzt, átt á hættu endurköllun leyfisbréfs og starfsskirteinis, og synjun til siglinga til útlanda.
11. Framan greindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi tilkynningar um sama efni, útgefnar af póst- og símamálastjórninni 9. júlí 1940 og 2. október 1940.

Póst- og símamálastjórnin, 28. desember 1940.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.

REGLUGERÐ

um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum.

200

28. des.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarskipti frá 5. júlí 1940 og bráðabirgðalögum um radio-senditæki frá 17. ágúst 1940.

1. gr.

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess, mega íslenzk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða tal-